

því, að þar er ekkert löggilt kauptún, og tollar eigi heldur hafa tilfallið við skipströnd **118**
 eða reka o. s. frv., þá ber hlutaðeigandi reikningshaldara við hver árslok að senda lands- 15. nóv.
 höfðingja neitandi vottorð í þá átt.

6.

Ársreikningum þeim, sem sýslumenn og bæjarfógetar eiga að gjöra fyrir tolltekjunum á yfirstandandi ári, skal fylgja vottorð um, *hve nær* (hvern dag) hin nýju lög um vín- fanga- og tóbakstoll, dags. 11. febr. þ. á., hafi verið þinglesin í þinghám þeim í lög- sagnarumæðmum þeirra, þar sem löggilt kauptún eru, og tollur því hefir getað tilfallið.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. nóvember. 1876.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brief* landshöfðingja til sýslumanna og hins setta lögreglustjóra í fjárkládamálinu **119**
 um rit um bráðapest í sauðfje. Til útbýtingar meðal helztu fjáreiganda í sýslu 21. nóv.
 yðar sendist yður hjer með, herra sýslumaður, N. exemplör af riti um bráðapest í sauðfje
 eptir sira Guðmund prófast Einarsson á Breiðabólstað, sem prentað hefir verið með styrk
 úr landssjóði.

Skyldi rit þetta gefa tilefni til þess, að greindir búendur í sýslu yðar tæku eptir öðr- um orsökum til áminnstrar fjársýki eða öðrum ráðum við henni en þeim, sem tilgreind eru í ritinu, býzt jeg við að fá skýrslu frá yður um það.

Auglýsing

um póstmál.

120

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 7. þ. m. samþykkt neðannefndar breytingar á 2., 7. og 21. nóv.
 8. grein auglýsingar frá 3. maí 1872,

1, að aðalpósturinn frá Akureyri austur í Múlasýslu, er áður hefir gengið milli Ak- ureyrar og Djúpavogs, skuli eptirleiðis ganga frá Akureyri austur á Seyðisfjörð.

2, að aðalpósturinn milli Prestsbakka og Djúpavogs haldi áfram þaðan að Höskulds- stöðum og beint til Seyðisfjarðar.

3, að póstafgreiðslan á Egilsstöðum verði flutt að Eyðum í Eyðapinghá.

4, að póstgangan frá Egilsstöðum til Vopnafjarðar hætti, en í stað hennar verði lát- inn ganga aukapóstur milli Grímsstaða og Vopnafjarðar.

5, að póstafgreiðslumaðurinn á Seyðisfirði fái 70 kr. árslau.

Breytingar þessar öðlast gildi frá 1. janúar 1877, þannig, að pósturinn fer frá Djúpa- vogi 19. janúar næstkomandi um Höskuldsstaði og Eskifjörð til Seyðisfjarðar, og byrjar þaðan 25. s. m. hina nýju póstgöngu milli Seyðisfjarðar og Akureyrar.

Í sambandi við nefnda breytingu mun aukapóstganga byrja milli Seyðisfjarðar og Eskifjarðar.

Miðsvetrarpósturinn mun eptirleiðis taka bæði brjefa- og bögglasendingar, og flytja þær aðalpóstleiðirnar í hinum vanalegu póstskrinum.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 27. nóvbr. 1876.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.